



Til: skuli.thoroddsen@os.is

Efni: Beiðni um umsögn um umsókn Vestur Verks ehf um rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun á Langadalsströnd við Ísafjarðardjúp í Strandarbyggð

Upplýsingar: Sent: 19/03/2015 14:40:32 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2015020024, Bréfalyklar: 42-0 almennt

---

Tilvísun í mál: 2015020024

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 18. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Vestur Verks ehf um rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun í Þverá á Langadalsströnd við Ísafjarðardjúp í Strandarbyggð.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins. Virkjun Þverár á Langadalsströnd við Ísafjarðardjúp er í biðflokki sbr. þingsályktun samþykkt af Alþingi 14. janúar 2013.

Í 5. gr. laga nr 48/2011 kemur eftirfarandi fram í 3. og 4. mgr.

Heimilt er að veita leyfi tengd orkurannsóknum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar vegna virkjunarkosta í biðflokki enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar eða, þegar við á, úrskurði ráðherra.

Virkjunarkostir sem verndar- og orkunýtingaráætlun á að taka til skv. 3. mgr. 3. gr. og ekki hefur verið tekin afstaða til í gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun skulu lúta sömu reglum og virkjunarkostir í biðflokki áætlunarinnar.

Náttúrufræðistofnun gerir því ekki athugasemd við að gefið sé út rannsóknaleyfi fyrir virkjun Þverár á Langadalsströnd í samræmi við 5.gr. hér að framan.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is

